



Verkmennaskóli Austurlands

Sjálfsmatsskýrsla 2010-2012

Mars 2013
Verkmennaskóli Austurlands
Gunnar S. Ólafsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Sjálfsmatsáætlun og sjálfsmat 2010-2012.....	4
Vorönn 2010.....	4
Haustönn 2010 - Nemendur	5
Vorönn 2011 - Starfsfólk og starfsmannastjórnun, aðbúnaður	5
Haustönn 2011 - Samantekt og mat á árangri	6
Vorönn 2012 - Nám og kennsla	7
Haust 2012 – Samantekt og mat á skólastarfi	7
Haustönn 2012.....	7
Áfangamat	8
Fartölvunotkun	8
Félagslífíð.....	9
Tímasett umbótaáætlun fyrir tímabilið 2013-2016	9
Sjálfsmatsáætlun vor 2013 – vor 2016.....	10
Lokaorð	12

Inngangur

Í Verkmenntaskóla Austurlands (VA) hefur verið framkvæmt formlegt sjálfsmat síðan haustið 2002 en þá var Dr. Gunnar Sveinbjörn Ólafsson ráðinn gæðastjóri við skólann. Hefur hann séð um þessi mál síðan þá með fulltingi sjálfsmatsnefndar sem nú er skipuð ásamt Gunnari þeim Ingibjörgu Þórðardóttur, Pjetri St. Arasyni og Sigurborgu Hákonardóttur.

Síðan síðasta lokaskýrsla var lögð fram haustið 2009 hefur komið reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum (Rg. 700/210). Þá var almennur hluti aðalnamskrár framhaldsskóla gefinn út vorið 2012.

Í reglugerðinni segir m.a. um innra mat framhaldsskóla:

Hver framhaldsskóli skal með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfsins. Virkt innra mat skal samofið annarri starfsemi skóla og skal skapa forsendur fyrir markvissu mati á árangri og leiðum að markmiðum skóla. Innra mat skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Það skal stuðla að aukinni vitund um mikilvægi gæða í öllu starfi.

Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs í innra mati, eftir því sem við á. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni.

Framhaldsskólar skulu birta opinberlega og á aðgengilegan hátt, á heimasíðu sinni eða með öðrum hætti, upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og umbótaáætlun. Einnig skal gera grein fyrir tengslum matsins við skólanámskrá og stefnu skólans.

Nánari viðmið um innra mat eru sett í aðalnámskrá framhaldsskóla.

Í almennum hluta aðalnámskrárinnar segir m.a. um innra mat:

Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Þær upplýsingar og þau gögn, sem eru lögð til grundvallar matinu, taka mið [af] þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni. Leggja þarf mat á markmið og leiðir með reglubundnum hætti. Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar. Skóli birtir opinberlega

upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Persónulegar upplýsingar eru þó undanþegnar birtingu.

Á fundi þann 31. október 2012 með starfsmönnum Mennta- og menningarmálaráðuneytis kom fram ánægja með vinnu sjálfsmatsnefndar VA. Eina ábendingin sem kom fram var að þeim þótti vanta tímasetta umbótaáætlun.

Lengst af hefur sjálfsmatsnefndin starfað eftir viðmiðum menntamálaráðuneytisins *Sjálfsmat skóla - Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar* (Menntamálaráðuneytið 1977) og má segja að það sem þar kemur fram heldur gildi sínu enn þann dag í dag borið saman við það sem fram kemur bæði í reglugerðinni og aðalnámskrá. Síðan þetta rit var gefið út hafa áherslur ráðuneytisins tekið nokkrum breytingum og í tölvupósti dagsettum 6. september 2012 fengust nýjar upplýsingar um viðmið fyrir sjálfsmat. Helstu breytingarnar eru aukin áhersla á svonefnda tímasetta umbótaáætlun. Við fengum samþykki fyrir því hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu að klára yfirstandandi tímabil miðað við samþykktu áætlun. Með nýju tímabili er ætlunin að taka upp nýja starfshætti, þ.m.t. að setja fram tímasetta umbótaáætlun í lok hvers skólaárs. Við gerð sjálfsmatsáætlunar fyrir tímabilið 2013-2015 var miðað við skólanámskrá VA eins og hún lá fyrir í drögum þegar áætlunin var gerð.

Sjálfsmatsnefndin tók þá ákvörðun síðast liðið haust að fara yfir þær tillögur til úrbóta sem ekki hafa náð fram að ganga á tímabilinu og tímsetja hvenær ráðist verði í þær (tímasett umbótaáætlun).

Fyrir liggja lokaskýrslur fyrir tímabilin 2003-2006 og 2006-2009 og í þeim má finna ýmsar almennar upplýsingar um Verkmenntaskóla Austurlands. Einnig er hægt að finna almennar upplýsingar á vef skólans www.va.is. Á tímabilinu 2010-2012 voru unnar áfangaskýrslur fyrir vorönn 2010, haustönn 2010, vorönn 2011, haustönn 2011 og vorönn 2012 og eru þær einnig á vef skólans.

Sjálfsmatsáætlun og sjálfsmat 2010-2012

Sjálfsmatsnefndin lagði fram tillögu að sjálfsmatsáætlun VA fyrir tímabilið 2010-2012 á kennarafundi þann 15. janúar 2010 og var hún samþykkt á starfsmannafundi þann 4. mars sama ár. Sumt af því sem talið er upp í áætluninni reyndist ekki unnt að gera, og annað var flutt til milli anna. Áfangaskýrslur voru gerðar fyrir hverja önn og þær er að finna á vef Verkmenntaskóla Austurlands (www.va.is).

Vorönn 2010

- Skipuleggja sjálfsmat næstu 3 ára eða til ársloka 2012
- Endurskoða áfangamat (nemendur) og annarmat (kennarar)
- Útbúa gátlista fyrir kennara varðandi skipulag annar
- Nýting próftíma nemenda
- Undirbúin söfnun tölulegra upplýsinga um nemendur

Til viðbótar við sjálfsmatsáætlun var framkvæmt hefðbundið áfangamat (nemendur) og annarmat (kennarar) í 10 áföngum. Niðurstöður áfangamats voru sendar viðkomandi kennurum og skólameistara ásamt niðurstöðum annarmats. Heildarniðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi þann 26. maí.

Auk þessa var gerð könnun meðal nemenda um hvernig þeim þótti til takast með opnu dagana sem á þessari önn voru haldnir 24. -26. febrúar.

Rætt um að gera könnun meðal foreldra og forráðamanna nemenda um samskipti þeirra við skólann og viðhorf á haustönn 2010 en ekki varð úr að hún væri gerð þá heldur frestaðist hún til vorsins 2011.

Haustönn 2010 - Nemendur

- Tölulegar upplýsingar um nemendur og túlkun á þeim
- Sérstakur stuðningur við nemendur
- Nemendakönnun: Viðhorf til skólans, líðan í skóla, samskipti við starfsfólk o.fl.
- Félagslíf nemenda: Hvernig skólinn getur hjálpað nemendum að efla félagsþroska sinn og stutt við félagslíf nemenda, o.fl.
- Samfélagskönnun um stöðu VA í samfélaginu, framkvæmd af nemendum í félagsfræði.
- Forelðrakönnun.

Til viðbótar við sjálfsmatsáætlun var framkvæmt hefðbundið áfangamat (nemendur) og annarmat (kennarar) í 14 áföngum. Niðurstöður áfangamats voru sendar viðkomandi kennurum og skólameistara ásamt niðurstöðum annarmats. Heildarniðurstöður voru kynntar á starfsmannafundinum þann 16. desember.

Vorönn 2011 - Starfsfólk og starfsmannastjórnun, aðbúnaður

- Stefna skólans varðandi m.a. ráðningar, endurmenntun, þjálfun starfsfólks, nýting kennslukrafta, o.fl.
- Fjárveitingar, hvernig nýtast þær og í hvað?
- Aðbúnaður starfsfólks og þjónusta sem boðið er upp á, vandamál sem upp koma, hvernig er tekið á þeim, o.fl.
- Umgengni í skólanum og á skólalóð

Eins og kom fram í skýrslu haustannar 2010 þá er sjálfsmatsáætlunin fyrir 2010-2012 mjög metnaðarfull og ekki var tími til að framkvæma allt sem þar er tíundað. Á haustönn 2010 var frestað fram á vor 2011 að gera forelðrakönnun. Mikill tími fór í að undirbúa þá könnun og því vannst lítill tími til að vinna að öðru því sem átti að gera samkvæmt áætlun. Á vorönninni var annarmati sleppt.

Stefna skólans varðandi ýmis mál voru í endurskoðun í tengslum við vinnu við almennan hluta skólanámskrár VA. Því var ákveðið að vinna ekki í þessum punkti að þessu sinni.

Haustið 2010 var samþykkt breyting á sjálfsmatsáætluninni. Var ákveðið að meta stjórnun á vorönn 2012, þar með talið starfsmannastjórnun.

Fjárveitingar og nýting þeirra eru í sífelldri endurskoðun. Fjármálastjóri skólans og skólameistari fara yfir þetta á hverju ári í tengslum við fjárhagsáætlun og er þessi málaflokkur í góðum farvegi.

EKKI vannst tími til að fara yfir aðbúnað starfsfólks og þjónustu og er þessum lið því frestað fram á haust. Þess má geta að sumarið 2011 var vinnurými kennara stækkað auk þess sem bókasafn skólans verður endurbætt. Þá gæti fyrirlestrarsalur í stofu 1 orðið að veruleika. Einnig má benda á að í fundargerð skólanefndar frá 10. maí 2011 kemur fram:

Endurnýjun búnaðar og framkvæmdir svo sem:

- *Símkerfi*
- *Ljósritunarvél*
- *Endurnýjaðir „serverar“ á heimavist*
- *Tölvupósti skólans var úthýst á opnum hugbúnaði*
- *Tölvur fyrir ritara og á vinnurými*
- *Kaffistofa fyrir starfsmenn í verkennsluhúsi*
- *Flakkararar fyrir starfsmenn skólans*
- *Endurnýjun húsgagna á bókasafni*
- *Húsgögn yfirdekk í nemendarymi og ýmislegt annað smálegt*

Hvernig tekið er á þeim vandamálum sem upp kunna að koma er í stöðugri umræðu. Verið var að klára undirbúning við áfallateymi og reiknað var með að þeirri vinnu lyki á haustönn 2011 en henni er ekki lokið þegar þessi skýrsla er rituð. Lítið hefur reynt á það að taka á vandamálum sem koma upp meðal starfsmanna skólans. Skólameistari hefur skólaráð og skólanefnd sér til fulltingis við úrlausn þeirra mála. Vandamál sem koma upp meðal nemenda skólans hafa skólameistari og námsráðgjafi séð um að fást við.

Umgengni í skólanum og á skólalóð er í nokkuð góðum farvegi. Starfsmenn skólans fylgjast með umgengninni í skólanum og brýna fyrir nemendum hvers virði góð umgengni er. Talsvert vantar samt upp á umgengnina í setustofu nemenda og þarf að vinna sérstaklega í því að bæta hana. Starfsmenn skólans tóku til á skólalóðinni í byrjun maí. Er tiltektin orðin árviss atburður og er endað með grillveislu. Bent var á að það gleymdist að taka til í kringum verkennsluhúsið, sérstaklega að austanverðu og neðan við húsið.

Eins og undanfarin ár var gerð könnun meðal nemenda um hvernig þeim fannst opnu dagarnir takast og voru niðurstöðurnar kynntar í sér kafla í skýrslu annarinnar.

Að lokum var framkvæmt áfangamat og að þessu sinni var ákveðið að meta alla áfanga iðnnámsins, verklega og fagbóklega. Einnig var öðrum kennurum boðið að láta meta hjá sér áfanga. Þrír kennarar þekktust boðið að þessu sinni. Samtals voru því metnir 24 áfanga, en nokkrum áföngum iðnnámsins var sleppt og sumir metnir saman.

Gerðar voru tvær breytingar á sjálfsmatsáætlun VA. Ákveðið var að stjórnun yrði metin á vorönn 2012 og á haustönn 2012 átti að byrja að undirbúa gerð tímasettrar umbótaáætlunar.

Haustönn 2011 - Samantekt og mat á árangri

- Helstu niðurstöður og samantekt á styrkleikum og veikleikum
- Hvaða úrbætur og árangur hafa náðst
- Tillögur um úrbætur

Farið var yfir allar tillögur frá vorönn 2010 fram að vorönn 2011 og athugað hvað var búið að gera og hvað ekki. Auk þessa voru gerðar nokkrar kannanir ásamt hinu hefðbundna áfangamati. Þessar kannanir voru framkvæmdar:

- Heimavistarkönnun
- Könnun á aðbúnaði starfsmanna og stoðþjónustu við þá
- Morgunverðarkönnun v. heilsueflandi framhaldsskóla
- Busavíglukönnun

Í umræðum á fundunum vöknudu upp ýmsar hugmyndir um tillögur til úrbóta og eru þær tíundaðar sem tillögur haustannar 2011 í sérstökum kafla í skýrslu annarinnar.

Vorönn 2012 - Nám og kennsla

- Mat á stjórnendum í VA.
- Aðbúnaður í skólanum; verkkennsluhúsi, bóknámshúsi, bókasafni, félagsaðstöðu nemenda, o.fl.
- Markmið náms; tengls markmiða og námsefnis, skiplag og ábyrgð á kennslu nemenda, gæði námsefnis, kennsluaðferðir o.fl. (þetta má flétta inn í áfanga- og annarmat).

Síðasti punkturinn er hluti af innleiðingarferli og þar af leiðandi var þessu slegið á frest þar sem vinna við gerð aðalnámskrá framhaldsskóla og skólanámskrá var í gangi á þessum tímapunkti. Liðnum um aðbúnað í skólanum; verkkennslu, bóklegir kennslu, bókasafni, félagsaðstöðu nemenda, o.fl. var frestað.

Auk mats á stjórnendum var eftirfarandi gert á vorönn 2012:

- Könnun í kjölfar opinna daga.
- Áfangamat.

Þessu til viðbótar gerðu nemendur kannanir undir stjórn kennara. Niðurstöður þeirra voru kynntar starfsfólki og nemendum á sérstökum fundum. Þessar kannanir voru:

- *Atferlissókn með kynjagleraugum* gerð af nemendum í uppeldisfræði 103 undir stjórn Margrétar Perlu Kolka.
- *Ánægjukönnun* gerð af nemendum í félagsfræði 403 undir stjórn Elvars Jónssonar sem hluti af Sjálfbærni verkefni ALCOA Fjarðaáls og Landsvirkjunar.

Haust 2012 – Samantekt og mat á skólastarfi

- Helstu niðurstöður og samantekt á styrkleikum og veikleikum
- Gerð grein fyrir úrbótum og árangri
- Tillögur um úrbætur
- Athugasemdir skóla við sjálfsmat
- Lokafrágangur sjálfsmatskýrslu

Haustönn 2012

Á haustönn gekk erfiðlega að finna fundartíma. Kennararnir í nefndinni voru allir að kenna 5 áfanga. Var þá gripið til þess ráðs að nota fastan fundartíma á þriðjudögum þegar ekkert annað var í gangi. Nefndin náði að funda 8 sinnum á önninni. Ekki náðist að klára allt sem áætlunin gerði ráð fyrir, t.d. vannst ekki tími til að leita eftir formlegum athugasemdum skóla við sjálfsmati, en á starfsmannafundi í lok annarinnar kom fram almenn ánægja með störf nefndarinnar.

Talsverður tími fór í að fara yfir allar tillögur sem komu fram á tímabilinu og vinna tímasetta umbótaáætlun út frá þeim. Einnig fór nokkur tími í að útbúa sjálfsmatsáætlun fyrir næsta tímabil.

Áfangamat

Á önninni var framkvæmt hefðbundið áfangamat. Niðurstöðurnar voru að venju sendar til viðkomandi kennara og skólameistara. Að þessu sinni voru 22 áfangar metnir en engin svör fengust í þremur. 195 svör fengust, en þess ber að gæta að sumir nemendur svara í fleiri en einum áfanga. Svörun var að meðaltali 64%, minnst 42% og mest 100%. Þetta meðaltal þarf að hækka.

Tveimur aukaspurningum var bætt við áfangamatið að þessu sinni:

- *Hvað finnst þér um bann við notkun fartölva í tímum?* Hér voru nokkrir svarmöguleikar og einnig gafst nemendum kostur á að koma með athugasemdir.
- *Hvað telur þú að hægt sé að gera til að efla félagslíf í VA og virkja fleiri nemendur til þátttöku?* Þetta var opin spurning.

Fartölvunotkun

Þetta var í annað sinn sem nemendur voru spurðir hvernig þeim finnst bann við notkun fartölva í kennslustundum vera. Niðurstöðurnar má sjá hér að neðan þar sem þær eru bornar saman við niðurstöður frá vorönn 2012.



Athugasemdir sem komu fram voru margvíslegar:

- *Finnst full gróft að kennarinn hótí því að gefa manni seint ef tölvan er opin þegar hann labbar inn. Finnst flest allir ef ekki allir fylgja því þegar hann biður okkur um að loka þeim.*
- *Ef ég væri með hana opna væri ég á netinu, mjög gott að banna þær bara!*
- *fáranlegt að banna tölvur, það er bara þeim að kenna sem svindla á sjálfum sér og eru ekki að nota tölvurnar rétt.*
- *Sumt fólk bara geta ekki notað tölvur í tíma. Það er annað hvort að leyfa allir að nota tölvu eða banna allir.*

- *Maður er svo mikið lengur að handskrifa glósur!*
- *Ef fartölvan kemur til hjálpar er allt í lagi að nota hana finnst mér.*
- *Megum nota fartölvur þegar við vinnu verkefni og slíkt. En lokum þeim þegar kennarinn talar, þegar nemendur flytja fyrirlestra og fleira slíkt. Mér finnst þetta fyrirkomulag mjög gott.*

Allar athugasemdir voru settar inn á innra net skólans þar sem starfsfólk skólans hefur aðgang að þeim. Af þessu má sjá að nemendur eru farnir að átta sig á tilgangurinn er með takmörkun á notkun fartölva í kennslustundum. Það er að sjálfsögðu ekki bannað að nota tölvur í verkefnavinnu, og hefur aldrei verið, og einstaka nemendur hafa fengið undanþágu frá banninu til þess að geta glósað í tímum. Snjallsímar eru svo annað vandamál sem verður að taka á.

Félagslífið

Undanfarin ár hafa nemendur verið spurðir að því hvernig þeim finnst félagslífið í VA vera. Það eru breytilegir hópar frá ári til árs og mótast félagslíf nemenda talsvert af því. Að þessu sinni voru nemendur spurðir hvað þeir teldu að hægt væri að gera til að efla félagslífið í skólanum og hvernig ætti að virkja fleiri nemendur til þátttöku. Öll svörin voru sett inn á innra net skólans þar sem starfsfólk skólans getur skoðað þau.

Mörgum finnst félagslífið gott og gátu ekki bent á neitt sem mætti bæta en öðrum finnst félagslífið ömurlegt. Svörin voru sem sagt margvísleg. Einnig kom fram að nemendur sem búa ekki í Neskaupstað taka minni þátt í félagslífi því sem fram fer á kvöldin eða seinni part dags.

Meðal þeirra ábendinga sem komu fram var að fjölga ætti íþróttatímum í íþróttahúsinu og hafa fleiri stóra viðburði, þar með talin böll.

Tímasett umbótaáætlun fyrir tímabilið 2013-2016

Á síðasta tímabili, vor 2010 - haust 2012, voru lagðar fram margvíslegar tillögur til úrbóta. Flestar af þeim hafa verið framkvæmdar en nokkrar hafa ekki náð fram að ganga. Hér á eftir fer tímasett umbótaáætlun sem segir hvenær þessum úrbótum skuli vera lokið.

Endurmeta námsefni

Skipuleggja endurmat á námsefni í tengslum við innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga. Um leið og brautarlýsingar og áfangalýsingar liggja fyrir þarf að fara fram endurmat á námsefni. Eigum til þess sniðmát frá Háskólanum á Akureyri. Þessi vinna ræðst að því hvernig innleiðingavinnu miðar áfram. Skal vera lokið fyrir haust 2015.

Gátlisti annar

Í upphafi annar þarf að minna kennara á gátlista annarinnar sem hangir framan við kaffistofuna. Þennan lista þarf að endurskoða reglulega, því stundum bætist eitthvað nýtt við sem gott er að minna á, sérstaklega í upphafi haustannar.

Láta nýja kennara fá gátlistann og fara yfir hann með þeim. Koma aftur upp leiðsögukennara, þ.e.a.s. einn kennari taki að sér einn nýja kennara. Þetta er vinna sem skólameistari ber ábyrgð á að sé framkvæmd. Skal vera komið í gagn við haust 2013.

Fjarnemar

Gott væri að kanna sérstaklega meðal fjarnema hvernig þeim líkar fyrirkomulagið og fá þeirra sýn á þeirri þjónustu sem skólinn veitir þeim. Eins kom fram á starfsmannafundi að gott væri að kennarar samræmdu kröfur til fjarnema og upplýsingar um þær væru aðgengilegar, t.d. á heimasíðu skólans og í kennsluáætlunum. Þá þarf að brýna fyrir fjarnemum að hafa samband við kennara í upphafi annar.

Þessi mál þarf að fara yfir vandlega. Athuga vel skilgreiningar og hvað stofnanasamningur segir um þetta. Gera haust 2013.

Heimanám í kennsluáætlun

Á fyrsta fundi hvernar annar er mikilvægt að minna kennara á að setja öll stór verkefni í kennsluáætlun. Einnig að brýna fyrir kennurum að setja allt heimanám á kennsluvef jafnóðum. Byrjar haust 2013.

Umsjónakennarafyrirkomulag

Lagt til að fjölga fundum nýnema á fyrsta ári með umsjónarkennara, t.d. í þrjá á haustönn og tvo á vorönn. Mikilvægt er að hafa fund í upphafi hvernar annar, t.d. á fyrsta skóladegi annarinnar, bæði haust- og vorönn. Byrjar haust 2013.

Halda áfram því fyrirkomulagi að umsjónarkennari fylgi nemendum upp í gegnum árin.

Vinnureglur varðandi böll, menningarferð, o.fl.

Semja vinnureglur varðandi böll, menningarferðir og fleiri viðburði á vegum skólans þ.e. að það sé alveg skýrt hvert hlutverk hvers og eins er sem kemur að þeim. Láta foreldra skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þegar þeir taka að sér slík störf. Ljúka þessari vinnu á vorönn 2013.

Umgengni í setustofu nemenda

Bæta umgengni í setustofu nemenda – spurning hvernig það er best gert. Á að fela nemendum ábyrgð í samvinnu við nemendafélag skólans eða í samvinnu við útskriftarnema sem sjá um sjoppuna? Ljúka skal þessu skipulagi á haustönn 2013.

Auka notkun kennsluvefs

Allir kennarar eiga að nota hann. Það skiptir máli varðandi t.d. kennsluáætlanir og kannanir sem gerðar eru innan skólans. Á haustönn 2013 eiga allir kennarar að vera með kennsluáætlun og e.k. dagbók á kennsluvef.

Á vorönn 2014 skulu liggja fyrir upplýsingar um menntunarstig starfsfólks og samanburður við aðra skóla.

Á vorönn 2015 skulu liggja fyrir endurskoðaðar stefnur skólans þar sem tekið er tillit til nýju framhaldsskólalaganna og annarra laga sem snerta skólastarfið.

Sjálfsmatsáætlun vor 2013 – vor 2016

Þessi áætlun er aðallega unnin út frá kaflanum um Stefnu og Markmið í almenna hluta skólanámskrár Verkmenntaskóla Austurlands. Þar er fjallað ítarlega um það sem þarf að meta. Sumt af því er þess eðlis að gæðanefndin hefur ekki bolmagn (tíma og fjármagn) til að gera það. Annað á að gera á hverri önn eða hverju skólaári og er hluti af störfum skólameistara,

námsráðgjafa og áfangastjóra. Hér á eftir fer upptalning á því sem gæðanefndin ætlar að gera á tímabilinu. Auk þess sem talið er upp hér að neðan verða gerðar kannanir eftir þörfum.

Vor 2013

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Kanna hvað gert er af því sem talið er upp í kaflanum um Stefnu og Markmið í almenna hluta skólanámskrár VA.
- Kanna almenna líðan nemenda
- Kanna þátttöku nemenda í félagslífi
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Haust 2013

- Áfangamat
- Kanna menntunarstig kennara og endur- og viðbótarmenntun þeirra síðastliðin 5 ár. Afla upplýsinga um aðra skóla frá KÍ.
- Gera úttekt á kennsluáætlunum og samræma. Skoða ISO staðla sem notaðir eru m.a. í VMA og Tækniskólanum.
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar.

Vor 2014

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Gera úttekt á þeim námsmatsaðferðum sem notaðar eru í VA og bera saman við fyrri kannanir. Meðal þess sem á að kanna er hvaða aðferð nemendum finnst best
- Kanna sérstakan stuðning við nemendur og bera saman við athugun sem gerð var á haustönn 2010
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Haust 2014

- Áfangamat
- Kanna aðbúnað starfsfólks og bera saman við fyrri kannanir
- Taka saman yfirlit yfir þá viðburði á vegum skólans sem tengja hann samfélaginu nær og fjær
- Meta skólanámskrá VA
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar.

Vor 2015

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Kanna þátttöku nemenda í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli þar sem á þessari önn lýkur fyrstu umferð í gegnum verkefnið
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Haust 2015

- Áfangamat
- Fá nemendur í félagsfræði og uppeldisfræði til að taka saman umfjöllun fjölmiðla um skólastarfið og það hlutverk sem skólinn gegnir í samfélaginu
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar

Vor 2016 - Samantekt og mat á skólastarfi

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Gerð grein fyrir umbótum og árangri
- Athugasemdir skóla við sjálfsmat
- Lokafrágangur sjálfsmatskýrslu fyrir tímabilið 2013-2016

Lokaorð

Með þessari skýrslu lýkur matstímabilinu 2010-2012. Eins og fram kemur þá hefur tímaskortur háð starfsemi sjálfsmatsnefndarinnar og ekki hefur verið unnt að gera allt sem áætlunin gerði ráð fyrir. Með þetta að leiðarljósi var sjálfsmatsáætlun fyrir næsta tímabil gerð. Nefndarmenn voru sammála um það að betra væri að ætla sér færri verkefni og reyna að vinna þau vel, heldur en að ætla sér um of og komast síðan ekki yfir nema hluta verkefnanna. Eins og staðan er núna, þá vinna nefndarmenn þetta með fullru vinnu, og stundum rúmlega fullri vinnu, og kemur það niður á afköstum.

Það er von okkar að með því að bæta við tímasettri umbótaáætlun þá komum við til móts við óskir mennta- og menningarmálaráðuneytisins og að vinna okkar standist allar kröfur.

Að lokum þetta: Skólameistarar undanfarinna ára hafa allir sem einn hrósað nefndinni fyrir vel unnin störf og ítrekað mikilvægi þess starfs sem hún innir af hendi. Með þetta í farteskinu þá höldum við bjartsýn inn í nýtt tímabil sem hefst með vorönn 2013.